



## **101.fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni**

Haldinn á Teams fimmtudaginn 16. júní 2022 kl. 13:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Eydís Indriðadóttir, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð, Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhannes Sveinbjörnsson og Ragnheiður Bjarnadóttir. Bragi Bjarnason og Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra) boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Umsóknir nýnemar
2. Kennara við ML
3. Valáfangar
4. Brytaíbúð og aðrar framkvæmdir
5. Gjaldskrá mötuneytis haustið 2022

Gunnar setti fundinn.

### **1. Umsóknir nýnemar**

Áslaug sýnir á skjá áætlaðar tölur nýnema 2 bekkjar haust 22. Mun meiri aðsókn á Félags- og hugvísindabraut, nemendur eru 26 en 16 á Náttúruvísindabraut. Sex drengir eru á fél og hug, 20 stúlkur. Á Náttúrufræðibraut eru fimm drengir og 11 stúlkur Einn eldri nemandi í F bekk á 2 ári. Hlutföll kynja fyrir skólaárið 2022-2023 eru 74% kvk og 26% kk.

Mikil umræða hófst um kynjahlutfallið og dvínandi aðsókn drengja að skólanum. Mikilvægt er að rýna í þetta og reyna að finna út hvað veldur. Einnig verður meiri og markvissari kynning á skólanum fyrir næsta skólaár. Í samstarfi við Ungmennafélagið er verið að auka og bjóða upp á Fótboltaæfingar og körfuboltaæfingar í íþróttahúsinu, sem liður að því til að laða fleiri pílta í skólann.

### **2. Kennara við ML**

Heiða Gehringer fer í ársleyfi sem líffræði kennari, kennir áfram myndlist. Jorge Montalvo-Jónsson mun leysa Heiðu af í líffræðikennslu.

Vegna tilfærslu á áföngum eykst kennsla í frönsku og þýsku. Það þarf líklegast að auglýsa frönskukennara fyrir vorið 2023, vantar 50% stöðu. Við Menntaskólann starfa tveir þýskukennarar svo ekki þarf að ráða inn þar. Annað helst óbreytt.

### **3. Valáfangar**

Brautarlýsing – Uppfærsla. Franska og þýska byrjar fyrr og því vantar frönskukennara, fjármálalæsi flokkaður sem stærðfræðiáfangi til að endurspeglar betur innihald hans. Nýr áfangi VILÖ (viðskiptafræði og lögfræði) er inni sem skylduáfangi hjá Félags- og hugvísindabraut. Um



var að ræða almenna kynningu fyrir skólanefndarmenn. Einnig fór Jóna Katrín yfir fyrirhugaða uppfærslu á brautarlýsingum og smávægilegar breytingar á skipulagi brautanna í kjölfarið.

#### **4. Brytaíbúð og aðrar framkvæmdir**

Raflagnateikningar fyrir brytaíbúðina tilbúnar, verkið verður boði út á sumarmánuðum. Áætlað er að framkvæmdir hefjast í október og að stofan fari í notkun sem kennslurými árið 2023. Jóna Katrín fer yfir teikningar að nýju listkennslurými með nefndarmönnum.

Í sumar verða Nös og Kös, heimavistarbyggingar við ML, málaðar og múrviðgerðir að utan. Við Nös verður stéttinn brotin upp og steiptur hjólastjólarampur. Heimavistarherbergin á Fjarvist verða máluð. Múrviðgerðir og málun að utan á kennarabústöðunum Hvarf, Barð og Tröð. Vorið 2023 mun hefjast framkvæmdir á herbergjum í húsi eitt á Nös, fjögur herbergi í einu, tvö niðri, tvö uppi. Unnið verður að framkvæmdum yfir sumartímann.

#### **5. Gjaldskrá mótuneytis haustið 2022**

Nú er hækkandi hráefniskostnaður og flutningskostnaður en stjórnendur vilja stilla hækkunum á nemendur í hóf.

Hækkun gjaldskráar mótuneytis um 4,7% samþykkt af öllum nefndarmönnum, efasemdir um að hækkunin muni duga. Rætt um hvort nauðsynlegt sé að hækka meir. Haustönn samþykkt með 4.7% hækkun, yfirfarið í haust og skoðað hvort þörf verði á hækkunum um áramót.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:45

Fundagerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir